



Fréttatilkynning
30 November 2023 10:06:00 GMT

Íslandsbanki hf.: Íslandsbanki tilkynnir um endurkaupatilboð á skuldabréfaútgáfum í sænskum og norskum krónum

Íslandsbanki hf. (Íslandsbanki) tilkynnir í dag um endurkaupatilboð til eigenda ákveðinna útistandandi skuldabréfa í sænskum og norskum krónum á gjalddaga á árinu 2024 sem eru listuð hér að neðan gegn eingreiðslu (hér eftir endurkaupatilboð). Endurkaupatilboðið er háð þeim skilmálum og skilyrðum sem er að finna í hjálagðri tilkynningu um endurkaupatilboð (e. „Tender Information Document“) dagsett 30. nóvember 2023.

Lýsing skuldabréfanna / ISIN:

SEK 250,000,000 FRN á gjalddaga í mars 2024 / XS2325364110
SEK 200,000,000 FRN á gjalddaga í júlí 2024 / XS2361673218
SEK 800,000,000 FRN á gjalddaga í nóvember 2024 / XS2557201394
NOK 400,000,000 FIXED á gjalddaga í janúar 2024 / NO0010842396
NOK 150,000,000 FRN á gjalddaga í mars 2024 / NO0010964836
NOK 475,000,000 FRN á gjalddaga í júlí 2024 / NO0011042269

Endurkaupatilboðið gildir til klukkan 12:00 CET þann 4. desember 2023. Íslandsbanki áskilur sér rétt til að framlengja, endurnýja, afturkalla eða enda endurkaupatilboðið (e. „Expiration Date“). Áætlað er að endanleg verðlagning endurkaupatilboðsins liggi fyrir um kl. 13:00 CET þann 4. desember 2023.

Umsjónaraðili með endurkaupunum fyrir hönd Íslandsbanka er Skandinaviska Enskilda Banken AB (publ) (”SEB”).

Vinsamlegast hafið samband við umsjónaraðila til að taka þátt í endurkaupatilboðinu: Skandinaviska Enskilda Banken AB (publ); sími: +44 7818 426 149; netfang: liabilitymanagementdcm@seb.se.

Frekari upplýsingar veita:

Fjárfestatengsl - Bjarney Anna Bjarnadóttir, ir@islandsbanki.is
Samskiptastjóri - Edda Hermannsdóttir, pr@islandsbanki.is

Þessi tilkynning er birt af Íslandsbanka hf. og inniheldur upplýsingar sem töldust eða kunna að hafa talist innherjaupplýsingar í skilningi 7. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og Ráðsins (ESB) nr. 596 /2014 um markaðssvik (MAR), sbr. lög nr. 60/2021, um aðgerðir gegn markaðssvikum. Tilkynning þessi er gerð af Jóni Guðna Ómarssyni, bankastjóra Íslandsbanka hf., í samræmi við upplýsingaskyldu bankans samkvæmt MAR og 2. gr. framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EU) 2016/1055.



Fréttatilkynning
30 November 2023 10:06:00 GMT

Viðhengi

Íslandsbanki hf.: Íslandsbanki tilkynnir um endurkaupatilboð á skuldabréfaútgáfum í sænskum og norskum krónum

Íslandsbanki Tender Information Document 30 November 23